



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 18. október 2019

### **Efni: Umsögn um tillögu að þingsályktun um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjór við gæðastýringu í sauðfjórækt**

Landgræðslunni hefur borist til umsagnar tillaga að þingsályktun um endurskoðun á ráðstöfun almannaþjór við gæðastýringu í sauðfjórækt, 32. mál. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa.

Landgræðslan tekur undir eftirfarandi part úr texta þingsályktunarinnar: „Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra að endurskoða ráðstöfun almannaþjór við gæðastýringu í sauðfjórækt, með það að markmiði að landnýtingarþáttur hennar samræmist lögum og góðum stjórnsýsluháttum. Ráðherrarnir setji nýjar reglur um viðmiðunarmörk fyrir ástand heimalanda, upprekstrarheimalanda og beitalanda á afrétti, sem byggist á ráðgjöf Landgræðslunnar um slík viðmið“. Landgræðslan tekur þó ekki afstöðu til í hvaða mæli almannaþjór er ráðstafað til einstakra verkefna utan stofnunarinnar enda telst það varla samræmast því hlutverki sem henni er falið skv. lögum.

Landgræðslan hefur komið því á framfæri að þó landnýtingarþáttur gæðastýringar í sauðfjórækt sé í grunninn góður þá eru ágallar á kerfinu. Samhliða hefur stofnunin bent á ýmis tækifæri til úrbóta sem leitt geti til bættrar nýtingar beitalands sem og aukinnar jarðvegsverndar, gróðurþekju og kolefnisbindingar á beitarsvæðum sem falla innan gæðastýringarinnar. Á umliðnum árum hefur Landgræðslan einnig ítrekað bent á að þau tækifæri sem gefist hafa til að draga úr nýtingu á illa fõrnu landi og/eða auðnum hafa ekki verið nýtt. Stofnunin hefur mótmælt breytingum og túlkun á regluverki gæðastýringar á síðustu árum, hverjar hafa í raun veitt óeðlilegar tilslakanir á landnýtingarþættinum og verið til þess fallnar að draga úr trúverðugleika gæðastýringarinnar.


Landnýtingarþáttur gæðastýringar í sauðfjórækt er gríðarlega mikilvægt viðfangsefni sem hefur beina tengingu við bæði málefnasvið 17 (Umhverfismál) og málefnasvið 12 (Landbúnaður). Hann setur rammann um hvernig nýtingu úthagavistkerfa til sauðfjórbeitar innan gæðastýringarinnar skuli háttað og hvað getur talist sjálfbær landnýting. Því er brýnt að ákvarðanataka um alla þessa þætti sé sameiginlega á hendi beggja viðkomandi fagróðherra, að ákvarðanir þeirra byggji ávallt á bestu fyrirliggjandi fræðilegu þekkingu hverju sinni og sé miðlað til sauðfjórþænda af bæði landbúnaðar- og landgræðsluráðgjöfum.

Í 11. grein laga um landgræðslu er kveðið á um setningu reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu. Landgræðslan áréttar mikilvægi þess að viðmið og skilgreiningar reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu verði færðar til samræmis þegar sú reglugerð liggur fyrir. Umhverfisráðherra hefur hafið vinnu við setningu reglugerðarinnar og óskað eftir aðkomu Landgræðslunnar þar að. Stefnt er að því að reglugerðin verði sett í umsagnarferli síðar á þessu ári.

Landgræðslan vill taka sérstaklega fram að aðkoma stofnunarinnar að gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu hefur ávallt byggst á búvörulögum nr. 99/1993 eins og þau hafa verið á hverjum tíma, sem og gildandi reglugerðum um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, en þar tók stofnunin að sér eftirlit með framkvæmd landnýtingarþáttar skv. sérstökum samningi við ráðherra landbúnaðarmála. Stofnunin telur að hún hafi í einu og öllu unnið skv. þeim ramma sem lög og reglur um verkefnið hafa sett á hverjum tíma.

Landgræðslan vill einnig koma því skýrt á framfæri að frá upphafi gæðastýringarinnar hefur stofnunin átt í afar farsælu samstarfi við sauðfjárþændur um framkvæmd landnýtingarþáttarins. Að mati stofnunarinnar hefur landnýtingarþátturinn, þrátt fyrir áðurnefnda ágalla, haft jákvæð áhrif á breytta landnýtingu og leitt til stóraukins og öflugs uppgræðslustarfs á vegum bænda um allt land. Í sumum tilfellum hefur land einnig verið friðað eða er undir léttari beit en áður.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslunnar



Árni Bragason,  
landgræðslustjóri